

**Ed.**

**500. Tillaga**

til þingsályktunar um sildar kaup, sildarforða og ásetning búpenings.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að greiða fyrir kaupum og flutningi á sild og öðrum fóðurbæti til skepnufóðurs til næsta vetrar.
2. Að tryggja landinu sildarbirgðir til manneldis og skepnufóðurs.
3. Að brýna fyrir sveitarstjórnnum að halda fundi í haust með bændum, til samtaka um tryggilega ásetning búpenings.

Stjórninni heimilast nauðsynlegt fje til framkvæmda þessu.